

Desember

Pési

166 tbl. 13. Árgangur n.ó.v. 2003
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Ísólfr Gylfi Pálmason
Sími:486-6617
E-mail hrni@sudurland.is
og hrni@mmedia.is

Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410

Í janúar kemur Pésinn út föstud. 16.jan

Skilafrestur á efni er til 12.jan

Frá Íþróttahúsinu á Flúðum.

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga – fimmtudaga	17:00 – 22:00
Föstudaga	17:00 – 21:00
Laugardaga	LOKAÐ
Sunnudaga	14:00 – 21:00

Dagana 19.21.22.28.29. og 30 des er opið:

frá kl. 17:00 - 21:30

Einnig er opið á sama tíma 2. og 4.jan 2004

Dagana 20.23.24.25.26.27 og 30 des **er lokað**

Einnig **er lokað** 1. og 3. jan 2004.

Frá 5. jan er opið samkv. stundatöflu.

Fótsnyrting

Föræun

Vaxmeðferðir

Tímapantanir í síma 566-8342

og 897-3741(Hlíf)

Kæru sveitungar!

Sunnudaginn 28.des kl 13:30

verður í Félagsheimili Hrunamanna

haldið hið árlega jólaball Kvenfélags

Hrunamannahrepps.Á haustfundi félagsins

var ákveðið að breyta fyrirkomulagi veitinga á

skemmtuninni.Nú býður kvenfélagið í kaffi, smákökur

og að sjálfsögðu fá börnin sinn glaðning.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla, árs og friðar.

Sjáumst kát og glöð þann 28.des.

Nefndin

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana

9.jan og 30. jan

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnosi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Hótel Flúðir
Margrét og Guðmundur.

Þökkum innilega fyrir höfðinglegt heimboð og stór glæsilega veislu. Megi ykkur ganga sem allra best með ykkar hótélrekstur. Einnig þökkum við Edit og barnakórnum fyrir fallegan söng.
Óskum ykkur og öllum sveitungum okkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári
Bestu þakkir
Félag eldri Hrunamanna

**Opnunartími Bókasafns Hrunamanna
yfir hátíðarnar.**

Bókasafnið verður lokað dagana
24, 25, 31 des og 1. janúar.
Reglulegur opnunartími frá 5. janúar
Bókavörður.

Jólaþveðja!

Vegna veikinda sendum við vinum og vandamönnum ekki jólaþort í ár. En við viljum senda ykkur öllum vinum okkar og íbúum Hrunamannahrepps, hugheilar jólaþveðjur og blessun á nýju ári. Þökkum allt gott á liðnum árum.

Elín og Magnús Miðfelli 5

Kæru sveitungar

Við viljum þakka öllum þeim, sem veittu okkur fjárstuðning vegna fæðingu sonar okkar. Birgir Janusz dafnar vel og er við góða heilsu. Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls

Helgihald um jólin.

Aðfangadagskvöld kl. 23, helgistund í Hruna
Jóladagur kl. 11. Hátíðarmessa í Hrepphólum
Jóladagur kl. 14. Hátíðarmessa í Hruna

Til styrktar einstökum börnum.

Jólaþort 600. kr. 5. saman í þakka.
Merkimiðar 200 kr. 10 í þakka.
Tvítítaðir bolir. 2000. kr. Hvítur/blár
Stærðir: 4 - 6, 7 - 9, og 10 - 12
Hvítur/rauður st: 10 - 12
Hvítur/bleikur st: 4 - 6 og 7 - 9
Rauðir stuttermabolir: 1800 kr.
Stærðir: s/m - m/l - xl

Til styrktar Félags nýrnasjúkra.

Jólaþort.
5 saman í þakka 500 kr.
10 saman í þakka 1000 kr.

Upplýsingar í síma 486-6703
Sigga í Miðfelli

Til sölu.
Lexmark 231 prentari,
tölvuskjár 14",
eins fasa rafmótor 3,0 kw,2.880 s/mín
Upplýsingar í síma. 486-6623 og 899-3016

-13:00

Nýársdagur

01.01.2004

Lokað

Föstudagur

02.01.2004

09:00-19:00

"Jólapóstkassinn" er á sínum
stað í versluninni...

Opnunartími Versl. Strax um hátíðarnar.

Þorláksmessa	23.12.2003	10:00-22:00
Aðfangadagur	24.12.2003	09:00-13:00
Jóladagur	25.12.2003	Lokað
Annar í jólum	26.12.2003	Lokað
Laugardagur	27.12.2003	10:00-19:00
Sunnudagur	28.12.2003	10:00-17:00
Mánudagur	29.12.2003	09:00-19:00

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar
ferðaáætlun

Þriðjudaga -miðvikudaga- fimmtudaga -
föstudaga

Brottför kl 15:00 frá VM-Flytjanda

Klettagörðum 15, Reykjavík.

Frá Húsasmiðjunni á Selfossi kl: 16:00

Pálmar: 892-2370

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

Þriðj
udagu
r
30.12
.2003
09:00
-
19:00
Gamlá
rsdag
ur
31.12
.2003
09:00

VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

AÐALFLUTNINGAR ehf.
Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík:
mánud- föstud. kl. 16.00

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson
Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

Jólaþfiskur

Vantar þig eitthvað hollt og gott að borða eða jafnvel til að gefa í jólagjöf. Hvað er skemmtilegra en að fá fullan kassa af **fiski**, innpakkaðann í fallegan jólapappír, í jólagjöf.

Erum með frábæran fisk frá Eyrarfiski á Stokkseyri til sölu.

Það sem er í boði, eru **lausfrost ýsuflök og útvatnaður saltfiskur**, tilbúinn í pottinn. Fiskurinn er seldur í **5.kg einingum** og kostar einingin af ýsunn

2.490 kr (498 kr/kg)

og einingin af saltfiskinum er á **3.475 kr (695 kr/kg)**.

Erum einnig með **harðfisk**, sem er frábært og hollt snakk.

Kílóíð af honum er á **3.177 kr.**

Ef þið hafið áhuga, endilega hafið samband.

Halldóra og Steini Fossi

S: 486-6576 og 892-1276

BOWEN TÆKNI - HVAD ER ÞAÐ???

Bowen tækni kom til Englands árið 1993 og er nú að verða vinsælasta grein óhefðbundinna lækninga þar í landi .

Tæknin sjálf lítur út fyrir að vera mjög einföld þegar menn

horfa yfir, þegar meðferðaraðilinn gefur meðferð, sýnist hann gera mjög lítið, miða við að horfa á hendur hans. Meðferðin samanstendur af röð mjúkra hreyfinga sem gerð er með þumlum og fingrum yfir vöðva, sinar, liðbönd og húð .

Meðferðaraðilinn notar slaka húðarinnar til þess að ná

bandvefnum, þrýstirog gerir svona rúllandi hreyfingu yfir svæðið, jafnvel þó að hreyfingin sé ekki hörð á vöðvann þá kveikir það á einskonar viðvörunnarbjöllu í heila sem kemur af stað náttúrulegum viðbrögðum líkamans að laga það sem þarf. Eitt lykilatriði í Bowen tækni er að meðferðaraðilinn fer út úr herberginu á milli ákveðinna hreyfinga,- ákveðinna aðgerða, til þess að leyfa vinnunni að verða áhrifaríkari.Vinnan eins mjúk og hún er verður að gefa heila og líkama tíma til að skoða hvað er að gerast og hvað þarf að gera til að ná fram breytingu. Í dag er Bowen tækni notuð á hinum ýmsu stofnunum og endurhæfingardeildum sjúkrahúsa í Bretlandi. Hin ýmsu íþróttafélög hafa ráðið til sín Bowen tækna til að flýta fyrir bata hjá meiddum leikmönnum .

Hægt er að nálgast fleiri upplýsingar á netið á www.bowentaekni.com eða hjá Else í síma 690-6024.

ELSE NIELSEN

NUDDFRÆDINGUR OG BOWEN TÆKNI-NEMI.

Nuddstofan hjá Elsu.

Viðskiptavinir athugið. Breytt verður rekstrarformi stofunnar frá 1. janúar 2004.

Upplýsingar gefur Else í síma 486-6797/690-6024

Jólabókin í ár!
100 ára saga Nautgriparæktarfélags
Hrunamanna 1903-2003.
Hefur komið skemmtilega á óvart! Takmarkað upplag.
Fæst eingöngu hjá stjórn félagsins:
Jón Viðar s. 486-6648, Þórunn s. 486-6558,
Esther s. 486-6590

Nuddstofan hjá Elsu óskar öllum
viðskiptavinum
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs
með innilegum þökkum fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða

Árið 2003, 29. okt kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamanna-hrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6. Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Þorsteinn Loftsson og Unnar Gíslason og verðandi sveitarstjóri, Ísólfur Gylfi Pálmason sem kom til fundarins eftir að 1. dagskrárliður hafði verið samþykktur.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

Gengið til dagskrár.

1. Ráðning sveitarstjóra.

Oddviti kynnti ráðningarsamning við nýjan sveitarstjóra Ísólf Gylfa Pálmason. Ráðningarsamningur var samþykktur samhljóða og var undirritaður af öllum sveitarstjórnarmönnum. Nýr sveitarstjóri var kallaður inn á fundinn og boðinn velkominn til starfa. Ísólfur Gylfi mun taka formlega við starfinu 1. desember n.k. en fram að þeim tíma mun hann verða í hlutastarfi stýra starfi á skrifstofu o.fl. Verðandi sveitarstjóri verður prókúruhafi hreppsins þegar í stað. Ísólfur Gylfi þakkaði það traust sem sveitarstjórnarmenn sýna honum með samhljóða ráðningu í starfið og tók við fundarritun.

2. Heimild til lántöku:

Oddviti kynnti lánasamning þar sem Hrunamennahreppur tekur 40.000.000 kr. lán vegna framkvæmda. Lánið er við Kaupþing Búnaðarbanka og er með libor vöxtum að viðbættum 2% vaxtaálagi og er mun hangstæðara en önnur lánakjör sem könnuð höfðu verið á undan. Einnig var samþykkt að kaupa sérstaka vöktun lánsins þar sem það er í erlendum gjaldmiðli. Samþykkt samhljóða að taka lánið ásamt vöktun.

3. Fundargerð oddvitanefndar frá 3. september 2003.

Oddviti kynnti innihald fundargerðar þar sem fjallað var m.a. um ráðningu skipulagsfulltrúa fyrir uppsveitir Árnessýslu. Þá var fjallað um málefni félagsmálfulltrúa, símenntunaráætlun sveitarfélagsins, stefnumótun í ferðamálum, stjórnskipulag sameiginlegra starfsmanna, framtíðarskipan skólamála o.fl. Nokkrar umræður urðu um málið.

4. Fundargerð Umhverfis- skipulags- og umferðarnefndar (USU) frá 2. október 2003.

Ragnar Magnússon kynnti fundargerðina og sýndi skipulagsuppdrátt af Hrafnabjörgum dagsetta 12. ágúst 2003, teikning nr.01 frá ASK. Hreppsnefnd samþykkir uppdráttinn og ákveðið var að vísa málinu til skipulagsfulltrúa til úrvinnslu.

Einnig kynnti Ragnar tillögu að nýjum íbúðarhúsalóðum í Túnsbergi dagsett 25. september 2003 og var erindinu vísað til skipulagsfulltrúa. Einnig kynnti hann bréf frá Samvinnunefnd miðhálandisins dagsett 11. september 2003. Þá kynnti Ragnar að ákveðið hefði verið að Umhverfisverðlaun 2003 verði veitt Flúðasveppum. Hreppsnefnd fagnar ákvörðuninni.

5. Fundargerð Æskulýðs- og íþróttanefndar frá 8 fundi ársins dagsett 4. september 2003.

Oddviti kynnti innihald fundargerðar um opnunartíma, gjaldskrá í o.fl. Hreppsnefnd samþykkir opnunartíma og gjaldskrá í tækjasal, íþróttahúsi og sundlaug samhljóða. Ákveðið að kalla nefndina til fundar við hreppsnefnd síðar.

6. Fundargerðir Bygginganefndar uppsveita Árnassýslu 10. og 11. fundar frá 2. og 30. september 2003.

Oddviti kynnti fundargerðirnar og þær staðfestar samhljóða.

7. Umsögn um starfsleyfi Margrétar Runólfsdóttur vegna Hótel Flúða hf.

Oddviti kynnti bréf þar að lútandi frá Sýslumanninum á Selfossi dagsett 5. september 2003. Hreppsnefnd mælir með veitingu leyfisins.

8. Forkaupsréttarmál vegna jarðarsölu, Unnarsholts, Náttþaga og Reykjarflatar. Oddviti kynnti samninga þar að lútandi. Hreppsnefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti að Náttþaga og Reykjaflöt en afgreiðslu af jarðarsölu að Unnarsholti frestað vegna ónógra gagna.

9. Verkfundargerðir leikskóla nr. 28, 29, 30, 31 og 32. Oddviti lagði fram fundargerðirnar og þær staðfestar samhljóða af hreppsnefnd. Ákveðið að ræða um opnun hins nýja leikskóla á næsta fundi hreppsnefndar.

10. Skipan starfshópa vegna nýtingar mannvirkja og lóðar vegna Flúðaskóla. Oddviti kynnti hugmyndir þar sem að um tvo starfshópa væri um að ræða. Annarsvegar starfshóp sem skal gera tillögur að skipulagningu skólalóðar og hins vegar starfshóp sem gerði tillögur að nýtingu skólahúsnæðis og framtíðaráform í þeim efnunum. Ákveðið að vinnuhópur um skipulagningu skólalóðar verði endurvakin en samþykkt var að síðari hópnum væru, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, formaður fræðslunefndar og sveitarstjóri. Ákveðið var að formaður fræðslunefndar verði formaður síðari hópsins.

11. Aðalfundur SASS, kosning fulltúa. Oddviti kynnti bréf þar að lútandi. Fundurinn verður haldinn 14. og 15. nóvember n.k. að Laugarlandi í Holtum. Samþykkt var að fulltrúar Hrunamannahrepps verði: Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson og Þorsteinn Loftsson. Til vara eru: Halldóra Hjörleifsdóttir og Unnar Gíslason.

12. Fundargerð Skólaskofu nr. 66 frá 24. september 2003. Lögð fram til kynningar.

13. Fundargerð SASS nr. 368 frá 3. september 2003. Lögð fram til kynningar.

14. Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands nr. 106 frá 9. september 2003. Lögð fram til kynningar

15. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 57 frá 17. september 2003. Lögð fram til kynningar.

16. Fundargerð Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands nr. 232 frá 12. september 2003. Lögð fram til kynningar.

17. Bréf frá Hrund Harðardóttur frá 10. september 2003. Oddviti kynnti bréfið og samþykkt var að Hrund taki að nýju sæti í æskulýðs- og íþróttanefnd hreppsins.

Bréf lögð fram til kynningar: Á fundinum lagi oddviti fram bréf frá Svæðisvinnumiðlun dagsettu 17. september 2003, fundarboð frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási dagsett 17. september og bréf um fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldin verður á Nordika hóteli í Reykjavík, 5. og 6. nóvember n.k.

Fleira ekki rætt fundargerð upplasin og samþykkt.

Áminning!

Það eru vinsamleg tilmæli til formanna nefnda á vegum sveitarfélagsins, að skila inn fjölda funda og hvaða nefndarmenn sátu fundi.

Þessar upplýsingar þurfa að berast í síðasta lagi 22. des.

Launafulltrúi.

37. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

KJÖRTÍMABILID 2002-2006.

Miðvikudaginn 3. desember 2003 kl. 14.00

Haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6.

Árið 2003, 3. desember kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsins Akurgerði 6 á Flúðum. Þetta er 15.

fundur ársins. Eftirtaldir sátu fundinn: Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Þorsteinn Loftsson, Unnar Gíslason og oddviti hreppsnefndar, Sigurður Ingi Jóhannsson sem setti fund og stjórnaði honum. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri skráði fundargerð. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Áður en gengið var til dagskrár óskaði oddviti því að Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsfulltrúi, fengi að koma á fundinn til þess að útskýra deiliskipulag og byggingarframkvæmdir skv. 6 dagskrárlíð. Einnig var ákveðið að fjalla um deiliskipulagsbreytingu við Svanabyggð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Því næst var tekin fyrir **6 dagskrárlíður – deiliskipulag og byggingaframkvæmdir við Hofatún á Flúðum**. Arinbjörn, skipulagsfulltrúi kynnti málið og framvindu þess en ljóst er að mistök áttu sér stað við deiliskipulagsferil og er nauðsynlegt að bregðast við því. Lögð var fyrir athugasemd sem borist hafði vegna deiliskipulagsins frá Þresti Jónssyni og Bjarna Sverrissyni dags. 20.11. s.l. Einnig var kynnt svarbréf frá skipulagsfulltrúa dagsett 25. nóv. sl. Skipulagsfulltrúi tekur að hér sé um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða og heppilegra að fara út í grenndarkynningu á málinu skv. annarri málsgrein 26 greinar og sjöundu málsgrein fertugustu og þriðju greinar Skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Hreppsnefnd samþykkir að hér sé um óverulega breytingu á deiliskipulagi sé að ræða. Einnig var samþykkt að fara í grenndarkynningu út af framkvæmdunum, var skipulagsfulltrúa og sveitarstjóra falið að framkvæma þá kynningu svo fljótt sem vera má. **Því næst kynnti skipulagsfulltrúi breytingu á deiliskipulagi við Svanabyggð**. Deiliskipulagið hefur farið í lögformlegt ferli. Hreppsnefnd samþykkir deiliskipulagsbreytinguna.

Því næst var gengið til áður auglýstar dagskrár fundarins sem er eftirfarandi:

1. **Jarðarsala – Unnarholt –**
2. **Gervigras á sparkvöll við skóla - KSÍ**
3. **Þjóðhátíðarnefnd – fjárframlag**
4. **Svæðismiðlun Suðurlands – samningur við Hrunamannahrepp**
5. **Landgræðsla ríkisins - úttekt á afrétti vegna gæðastjórnunar**
6. **Deiliskipulag og byggingaframkvæmdir í Hofatúni**
7. **Heimild til kaupa- og sölu á íbúðum sveitarfélagsins.**
8. **21. fundir veitustjórna frá 1.des. s.l.**
9. **Sameiginleg skipulagsnefnd uppsveita Árnassýslu.**

10. Fundur Umhverfis- skipulags- og umferðarnefnd frá 12. nóv.

11. Fundur byggingarnefndar uppsveita Árnassýslu frá 25. nóv.

12. SASS – 371. stjórnarfundur frá 13. nóv. s.l.

13. SASS – 34. aðalfundur frá 14. – 15. nóv. s.l.

14. Heilbrigðisnefnd Suðurlands – 59. fundur frá 19. nóv. s.l.

Til kynningar: Fundargerð 189 fundar Launanefndar sveitarfélaga.

1. Jarðarsala – Unnarholt –

Oddvit lagði fram og kynnti gögn vegna málsins, þ.e. stofnskjál dags. 20.11. s.l. og yfirlitsmynd dags. 24.11.sl. en skráningarnafn er 03285. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gögn.

2. Gervigras á sparkvöll við skóla - KSÍ

Oddviti kynnti málið en sveitarstjóri hefur þegar komið á framfæri áhuga sveitarfélagsins að koma upp sparkvelli með gervigrasi við skólann en KSÍ er að bjóða sveitarfélögum upp á slíka velli og er stefnt að því að koma þeim upp sem víðast um land. KSÍ leggur til gervigrasið en sveitarfélög eða íþróttafélög sjá um undirvinnu og kostnað vegna þess. Málinu vísað til starfshóps um skólalóð.

3. Þjóðhátíðarnefnd – fjárframlag

4. Oddviti lagði fram og kynnti bréf frá Halldóru Hjörleifsdóttur f.h. þjóðhátíðarnefndar, dags. 19.11. sl. þar sem farið er framá hærri fjárveitingu til þjóðhátíðarhalds 17. júní enda hefur komið í ljós að kostnaður er meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Málið verður tekið fyrir við fjárhagsáætlanagerð.

5. Svæðismiðlun Suðurlands – samningur við Hrunamannahrepp

Oddviti lagði fram bréf dags. 26.11. sl. þar sem forstöðumaður Svæðismiðlunar Suðurlands fer fram á endurnýjun samnings til tveggja ára um skráningu atvinnuleysis. Sveitarstjóra farið að framlengja samninginn.

6. Landgræðsla ríkisins - úttekt á afrétti vegna gæðastjórnunar

Oddviti lagði fram og kynnti bréf frá Birni H. Barkarssyni, sviðsstjóra landgræðsluviðs Landgræðslu ríkisins dags. 24.11. sl. um ástand lands á Hrunaafreitti en hann hafði farið ásamt nokkrum heimamönnum um landið. Samþykkt að senda erindið til samstarfshóps um landgræðslumál í Hrunamannahreppi.

7. Deiliskipulag og byggingaframkvæmdir í Hofatúni

Sjá upphaf fundar þar sem málið var tekið fyrir.

8. Heimild til kaupa- og sölu á íbúðum sveitarfélagsins.

Oddviti lagði fram og kynnti minnisblað um hugsanleg sölu á íbúðunum við Högnastíg 48, 50 og 54 sem upphaflega voru félagslegar íbúðir en hafa verið lengi í eigu hreppsins. Hreppsnefnd samþykkir að láta verðmeta íbúðirnar og selja ef viðunandi verð fæst fyrir þær. Sveitarstjóra falið að vinna að sölu íbúðanna. Einnig óskaði oddviti eftir heimild til þess að hreppurinn kaupi íbúðina við Smiðjustíg 17 b. en sú íbúð hefur verið auglýst til sölu. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að sjá um kaup á íbúðinni f.h. hreppsins ef viðunandi verð fæst.

9. 21 fundir veitustjórna frá 1.des. s.l.

Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðir 21. fundar veitustjórnar Hitaveitu Flúða. Þar er m.a. fjallað um vatnsverndarsvæði og kaldavatnsöflun, 9 mánaðauppgjör veitunnar, innheimtumál, fjarskiptamál sem hugsanlega gæti tengst starfsemi veitunnar.

10. Sameiginleg skipulagsnefnd uppsveita Árnæssýslu.

Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að vinnufyrirkomulagi fyrir skipulagsfulltrúa gagnvart sveitarstjórnnum uppsveita Árnæssýslu, en fyrirkomulag þetta hefur verið tekið fyrir á sameiginlegum fundi oddvita á svæðinu. Bréfið er frá 27.okt. s.l. Nú þegar hefur Hrunamannahreppur falið skipulagsfulltrúa að auglýsa skipulagsbreytingar f.h. hreppsins. Hreppsnefnd samþykkir að skipa í sameiginlega skipulagsnefnd fyrir uppsveitir Árnæssýslu. Samþykkt er að oddviti og varaoddviti hreppsnefndar Hrunamannahrepps verði fulltrúar hreppsins í nefndinni. Skipulag þetta tekur gildi 1. janúar 2004.

11. Fundur Umhverfis- skipulags- og umferðarnefnd frá 12. nóv.

Oddviti lagði fram og kynnti fundargerð USU frá 12. nóv. sl. en það var stefnumörkunarfundur um aðalskipulag fyrir Hrunamannahrepp. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

12. Fundur byggingarnefndar uppsveita Árnæssýslu frá 25. nóv.

Oddviti lagði fram og kynnti 11 fund Byggingarnefndar uppsveita Árnæssýslu. Þar kemur fram að samþykktar hafa verið 7 teikningar og 2 afgreiðslur vegna framkvæmda í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

13. SASS – 371. stjórnarfundur frá 13. nóv. s.l.

Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina sem var undirbúningsfundur fyrir aðalfund.

14. SASS – 34. aðalfundur frá 14. – 15. nóv. s.l.

Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina.

15. Heilbrigðisnefnd Suðurlands – 59. fundur frá 19. nóv. s.l.

Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina.

Til kynningar: Fundargerð 189 fundar Launanefndar sveitarfélaga.

Oddviti lagði fram fundargerðina til kynningar.

Auk þess lagði oddviti fram og kynnti erindi sem borist hafa eftir að fundur var auglýstur. Hreppsnefnd samþykkti framlagningu erindanna.

a. - Bréf vegna sameiginlegs fundar um fyrirhugaða breytingu á Almannavarnarmálum í héraði sem haldinn verður í Þorlákshöfn á morgun. Fulltrúar Almannavarnarnefndar Hrunamannahrepps hafa fengið fundarboðið og mun Tómas Þórir Jónsson mæta f.h. nefndarinnar og e.t.v. fleiri fulltrúar hreppsins.

b.- Fundargerð stjórnar Félagsheimilis Hrunamanna á Flúðum frá 1. des. sl. og þar er fjallað um hlutverk húsnefndar, umsjónarmanns og á hvern hátt má nýta húsið enn meira. Hótelstjóri Hótel Flúða var boðaður á fundinn og fór yfir ýmislegt sem betur mætti fara varðandi húsnæði og tæki. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

c.- Bréf frá Svanhildi Pétursdóttur íbúa við Smiðjustíg vegna ágangs á lóðum við þá götu. Í framhaldi af bréfinu var rætt um skemmdarverk sem unnin eru í hreppnum. Sveitarstjóri hefur haft samband við Lögregluna á Selfossi út af þessum málum enda mikið kvartað yfir skemmdaverkum í hreppnum. Sveitarstjóra er einnig falið að fjalla um þessi mál í næsta Pésa.

d.- Bréf dags. 24.11.s.l. frá Sambandi íslenskra sveitafélaga um norrænt samstarf sveitarstjórnarmanna..

e.- Bréf frá Elínu Jónu Traustadóttur og Sólmundi Friðrikssyni dags. 01.12. sl. vegna heimasíðu Hrunamannahrepps og samvinnu síðunnar við aðra atvinnustarfsemi í

hreppnum. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

f. – Rætt um inn- og útkeyrslu við Verslunina Strax, sveitarstjóra falið að athuga málið.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 17.10. Fundargerð upplestin og samþykkt.

Frá sundlauginni Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga – fimmtudaga

18:00 – 22:00

Föstudaga

17:00 – 21:30

Laugard og sunnudaga

13:00 – 18:00

Dagana 24.25.26 .31. des og 01.jan 2004
er sundlaugin lokuð...

Heimaland

Læknir verður til viðtals
í "Kjallaranum" kl 14:00 fyrsta
fimmtudag hvers mánaðar eins og
verið hefur undanfarna vetur.